

SAMÞYKKT

um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um hundahald í Sveitarfélaginu Hornafirði, Djúpavogshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótisdalshéraði og Vopnafjarðarhreppi. Hundahald í framangreindum sveitarfélögum sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Stjórnslá.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis fer með málefni hunda og hundahalds samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Sveitarfélögin sem tilgreind eru í 1. gr. fara með framkvæmd samþykktarinnar í umboði heilbrigðisnefndar.

Sveitarfélögin skulu ráða sérstaka dýraeftirlitsmenn eða fela starfsmönnum sínum hlutverk dýraeftirlitsmanna. Dýraeftirlitsmenn sveitarfélaganna starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar og lögreglufirvalda þegar þörf krefur, t.d. ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund.

3. gr.

Dýravelferð og dýravernd.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda í atvinnuskyni gilda ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

4. gr.

Skráningarskylda.

Allir hundar eru skráningarskyldir hjá því sveitarfélagi sem eigandi hans hefur lögheimili í. Skylt er að sækja um skráningu hunds til viðkomandi sveitarfélags innan tveggja vikna frá því að hundur er tekinn inn á heimili. Hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Hundar sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir eða húðflúraðir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, og skal númer merkis skráð við skráningu dýrsins.

Dveljist hundur tímabundið í einhverju af sveitarfélögunum sem samþykkt þessi gildir um skal skrá hann hjá viðkomandi sveitarfélagi, en slík skráning skal þó ekki gilda lengur en í þrjá mánuði. Skráning skal fara fram sem fyrst og ekki seinna en innan tveggja vikna frá því að hundur kom inn í viðkomandi sveitarfélag. Um gestkomandi hunda sem skráðir eru tímabundið sem og óskráða hunda gilda öll ákvæði þessarar samþykktar.

Hund skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í einhverju þeirra sveitarfélaga sem samþykkt þessi gildir um. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi hundsins og skal hundurinn haldinn á heimili eigandans. Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Ekki skal skrá fleiri en tvo hunda á sama heimili.

Við skráningu hunds getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra heilbrigðis-eftirlitssvæða telji það ástæðu til.

5. gr.

Gögn sem þarf að framvísa við skráningu.

Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu hunds:

1. Undirritaða umsókn á umsóknareyðublöðum sem má nálgast á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.
2. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hunds.
3. Mynd af hundinum.
4. Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu hunds, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.
5. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun hundsins, sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti.
6. Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að umsækjandi hafi gilda ábyrgðartryggingu sem nær til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri eða munum sé sveitarfélagið ekki með hópryggingu innifalda í skráningargjaldi.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, og skal leggja fram samþykki tilskilins hluta íbúðareigenda í fjöleignarhúsi. Þetta skal gert áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi.

Skilyrði fyrir skráningu hunds er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag hefur sett.

Eigandi hunds skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða hunds.

Óheimilt er að halda hund í húsnæði þar sem enginn er búsettur.

Sveitarstjórn getur ákveðið að óheimilt sé að halda hund í húsnæði sem sveitarfélagið á.

Sveitarfélagi er heimilt að hafna beiðni um skráningu hunds ef umsækjandi hefur áður ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu hunds til heilbrigðisnefndar til endurupptöku og úrskurðar.

6. gr.

Bannaðar hundategundir.

Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins samkvæmt ákvörðun ráðherra svo og blendinga af þeim, sbr. reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra og hundasæðis. Ennfremur blendinga af úlfum og hundum.

7. gr.

Skyldur sveitarfélags.

Í kjölfar skráningar ber sveitarfélagi að afhenda eiganda hunds leyfisskipteini sem staðfestingu þess að hundurinn hafi verið skráður til heimilis í viðkomandi sveitarfélagi.

Sveitarfélag skal tryggja að til staðar sé dýrageymsla sem hefur tilskilin leyfi skv. 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, og reglugerð nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Í dýrageymslu skal hýsa hunda sem þarf að fanga vegna lausagöngu eða brota á samþykkt þessari.

Sveitarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda, svo sem á fólkvöngum, útivistarsvæðum og skíðasvæðum. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má hundum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum og almenningi.

8. gr.

Skyldur eftirlitsaðila.

Dýraeftirlitsmenn sveitarfélaga skulu halda og uppfæra skrá yfir hunda í viðkomandi sveitarfélagi. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar er varða skráða hunda og sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli þ.m.t. hvenær hundarnir hafa verið ormahreinsaðir og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af hundum og eigendum þeirra.

Heilbrigðiseftirlit, lögregla og eftir atvikum aðrir starfsmenn sveitarfélags skulu tilkynna dýraeftirlitsmanni um kvartanir og afskipti þeirra af hundum í sveitarfélaginu.

Dýraeftirlitsmaður leggur til við heilbrigðisnefnd að hundaeigendur séu áminntir vegna brota á samþykkt þessari, sbr. 13. gr., og heldur skrá um þær tillögur.

Dýraeftirlitsmenn starfa samkvæmt verklagsreglum sem heilbrigðisnefnd Austurlands samþykkir.

9. gr.

Skyldur eigenda og umráðamanna hunda.

Skráðum eiganda hunds ber að sjá til þess að umhirða hundsins sé í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Hundaeigendur skulu færa hunda sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og afhenda sveitarfélaginu staðfestingu á að ormahreinsun hafi farið fram, sé þess þörf. Sveitarfélagið upplýsir um hvenær árleg ormahreinsun fer fram og er hundaeigendum skylt að mæta á tilsettum tímum með hunda sína. Ef hundaeigandi getur af einhverjum ástæðum ekki mætt á tilsettum tíma skal hann afhenda sveitarfélaginu staðfestingu frá dýralækni um að ormahreinsun hafi farið fram.

Hundaeigendum er skylt að ábyrgðartryggja sig gegn tjóni sem hundar þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um, sé sveitarfélagið ekki með hóptryggingu innifalda í skráningargjaldi.

Hundaeigendur skulu árlega greiða skráningargjald fyrir hunda sína samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðeins er heimilt að tjóðra hunda utandyra í undantekningartilvikum og þá einungis í stuttan tíma í senn, sbr. reglugerð nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að þeir sem eiga réttmætt erindi inn á lóðina geti óhindrað farið um lóðina.

Hundar skulu ávallt bera ól með plötu um hálsinn með ágreypstu skráningarnúmeri og símanúmeri eiganda.

Hundur skal aldrei ganga laus utan svæða sem eru þar til ætluð, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum eða vera í tryggu gerði innan lóðar. Ef hundur sleppur skulu umráðamenn þegar gera ráðstafanir til að handsama hann.

Után þéttbýlismarka er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda. Sé hundur laus ber umsjónarmanni að tryggja að hann valdi ekki öðrum ónæði, skapi hættu eða óöryggi. Lausir hundar mega þó ekki vera á skíðasvæðum þegar þau eru notuð sem slík.

Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu þeir hundar háðir ákvæðum samþykktar þessarar.

Eiganda eða umráðamanni hunds er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði, óöryggi eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt, t.d. með stöðugu eða ítrekuðu gelti eða ýlfri.

Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni hundsins að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Hafi eigandi eða umráðamaður hunds vitneskju um eða ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal hann ávallt hafa hundinn mýldan utan heimilis.

Óheimilt er að koma með hunda, þó í taumi séu, í opinberar stofnanir, vatnsveitur, að vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, brunnum og sjóveitum eða á eftirfarandi staði sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 við reglugerð nr. 941/2002, um hollustu-hætti.

1. Almennings- og útisalerni.
2. Hvers konar sorpgeymslur og staði þar sem úrgangur er meðhöndlaður.
3. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
4. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.

5. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
6. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.
7. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
8. Heilsuræktar- og íþróttastöðvar, íþróttahús og baðstaði.
9. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
10. Samkomuhús hvers konar, svo sem kirkjur, leikhús, hljómleikasali, söfn og kvikmyndahús.
11. Almennar skrifstofur.
12. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
13. Almenn samgöngutæki.
14. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.
15. Lækna- og tannlæknastofur.
16. Sjúkrahús og aðgerðarstofur.
17. Nuddstofur og vistarverur sjúkraþjálfunar.
18. Húðflúrstofur.
19. Sumarbúðir fyrir börn.

Heimilt er þó að fara með dýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega eru ætluð dýrum.

Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur, brennur eða flugeldasýningar.

Hundaeiganda ber að hlíta lögum og reglum sem varða hundahald sem og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

10. gr.

Lausaganga hunda.

Hunda sem ganga lausir á almannafæri er heimilt að handsama og færa í dýrageymslu á vegum sveitarfélagsins. Lesið skal af einstaklingsmerkjum og þegar gerðar ráðstafanir til að hafa uppi á eigendum hundanna.

Sé hundur ekki skráður í sveitarfélaginu er óheimilt að afhenda hann fyrr en hann hefur verið skráður í samræmi við 5. gr. Að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu greiðslu skráningar- og handsömungjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins, sbr. gjaldskrá sveitarfélags, getur eigandi hundsins fengið hann afhentan.

Sé skráður hundur handsamaður skal strax tilkynna eiganda það og upplýsa hann um hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Ef eigandi vitjar hunds eigi innan sjö sólarhringa, frá því að honum er tilkynnt um handsömun getur heilbrigðisfulltrúi í umboði heilbrigðisnefndar Austurlands látið aflífa hundinn án frekari fyrirvara eða ráðstafað honum til nýs ábyrgs eiganda. Ef skráður eigandi finnst ekki innan tveggja vikna frá handsömun, er hægt að ráðstafa hundi með þeim hætti sem gildir um hálfvillt dýr, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013 um dýravelferð. Áfallinn kostnaður greiðist af skráðum eiganda.

Hundur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Komi til handsömunar á slíkum hundi er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta, þegar liðnir eru tveir sólarhringar frá handsömun.

Sé hundur handsamaður sem ekki er skráður í sveitarfélaginu er óheimilt að afhenda hann fyrr en búíð er að greiða handsömungjald auk annars áfallins kostnaðar, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins. Skrá skal hundinn skv. 3. mgr. 4. gr. ef hann dvelur lengur en tvær vikur í sveitarfélaginu.

11. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflifun.

Hafi hundur bitið mann, skepnu eða gæludýr sem og ef hundur telst hættulegur, getur tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður. Leggi tjónþoli eða forráðamaður

hans ekki fram kröfu um aflifun hunds skal heilbrigðiseftirlit gera kröfu þar um að fenginni rökstuddri beiðni frá dýraeftirlitsmanni sveitarfélags.

Nú samþykkir skráður eigandi hunds ekki aflifun og skal þá heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um hvort fallist verði á kröfuna. Óski hundaeigandi þess getur hann lagt fram álit sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundþjálfara sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

Meðan mál hunds er í skoðun er eiganda skylt að hafa hundinn í samþykktri dýrageymslu. Eigandi getur þó sótt um til heilbrigðisnefndar að fá að hafa hundinn á heimili sínu meðan málið er í skoðun gegn skuldbindingu um að hafa hundinn ávallt múldan þegar hann er utandyra.

Allur kostnaður vegna skapgerðarmats og vistunar hunds skal greiddur af eiganda.

Hafi hundur bitið tvisvar eða oftar eða valdið skaða, má aflífa hann án frekari viðvarana.

12. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag setur skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram.

Gjöldunum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélags við hundahald og framkvæmd samþykktar þessarar. Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi og upphæð hand-sömunar- og vörslugjalds vegna hunda sem ganga lausir eða hunda sem teknir eru í vörslu sveitarfélagsins vegna brota á samþykkt þessari.

Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir skráningargjaldi, en skylt er að framvísa til sveitarfélags eða dýragæslumanns árlegu vottorði um ormahreinsun og merkingu.

Sveitarstjórn getur fellt niður eða ákveðið lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda svo og fyrir hunda sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar fötluðu fólki.

13. gr.

Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur eða umráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu af hálfu heilbrigðisnefndar og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Sveitarfélagi er heimilt að afturkalla skráningu hunds ef vanhöld verða á ormahreinsun, tryggingum eða greiðslu skráningargjalda sem og ef eigandi hunds hefur brotið gegn samþykkt þessari.

Ef eigandi eða umráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað eða alvarlega gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur heilbrigðisnefnd bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn.

Eiganda er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

14. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari vísast til VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsí-ákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um kærumeðferð fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis og samþykkt af sveitarstjórnnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Djúpavogshrepps, Fjarðabyggðar, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 704/2010 um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi sem og samþykkt nr. 996/2008 um hundahald í Djúpavogshreppi og samþykkt nr. 573/2007 um hundahald í Sveitarfélaginu Hornafírði.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. október 2015.

F. h. r.
Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.